



Skaftárhreppur
Óskar Örn Gunnarsson
Klausturvegi 4
880 KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Garðabær, 13.1.2025
Málsnúmer: 202412-0003
MH

Efni: Endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2023–2043

Vísað er til erindis Skaftárhrepps sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 2. desember 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um endurskoðað aðalskipulag sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun veitti umsagnir um heildarendurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps á fyrri stigum, þ.e. um vinnslutillögu að heildarendurskoðun aðalskipulagsins þann 5. janúar 2021, um heildarendurskoðun á aðalskipulaginu þann 28. júní 2022 og um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi þann 22. ágúst 2024. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér endurskoðað aðalskipulag Skaftárhrepps sem nú er í auglýsingu og það er mat stofnunarinnar að efnisatriði fyrri umsagna eigi í megindráttum ennþá við.

Stofnunin bendir á að á bls. 20 í greinargerðinni dags. 20.9.2024, í kafla 2.5 um náttúruminjaskrá, eru talin upp svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. friðlýstu náttúruvættin Gervigígur í Álftaveri, Dverghamrar og Kirkjugólf. Þarna ætti einnig nefna friðlýsta náttúruvættið Fjaðrárgljúfur og hluta Vatnajökulsþjóðgarðs. Að auki væri rétt að telja upp aðrar náttúruminjar innan sveitarfélagsins sem eru á náttúruminjaskrá sem eru sjö talsins, þau listuð upp í greinargerð vegna tillögu á endurskoðun aðalskipulagsins dags. 25.4.2022 en hafa nú verið tekin út. Það eru svæðin: Núpsstaður, Fjaðrárgljúfur (hluti svæðisins er nú friðlýstur), Grenlækur, Steinsmýrarfljóð, Eldgjá, Skálarheiði og Grænifjallgarður. Í kaflanum væri ennfremur rétt að lista upp tillögur Náttúrufræðistofnunar vegna framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár (B-hluta), sem voru nefndar í þessum kafla í greinargerðinni árið 2022 en eru það ekki lengur.

Kafla 7.9, Önnur náttúruvernd, er sagður fjalla um svæði, s.s. jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun. Talin eru upp fimm svæði, þar af tvö virkjunarsvæði í verndarflokki rammaáætlunar og þrjú svæði sem eru meðal B-hluta tillagna Náttúrufræðistofnunar. Orðalagið í upphafi kafla 7.9 er villandi því þarna mætti ætla að fjallað væri um svæði sem njóta sérstakrar verndar samkv. 61. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Um þau svæði er hins vegar fjallað í kafla 7.11.1 um hverfisvernd vegna náttúruminja. Náttúrufræðistofnun bendir á kortasjána „Sérstök vernd“ (<https://serstokvernd.ni.is/>) en þar má sjá þau svæði innan sveitarfélagsins sem njóta verndar skv. 61. gr. laganna.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur